

um ok var í geitheðni<sup>1</sup> ok hafði járnstaf í hendi. Hann fór kalandi ok kallaði á menn mína, suma fyrr, en suma síðar, ok nefndi á nafn. Hann kallaði fyrstan Grím inn rauða<sup>2</sup> ok Árna Kolsson.<sup>3</sup> Þá þótti mér undarliga:<sup>4</sup> mér þótti sem hann kallaði Eyjólf Bolverksson ok Ljót, son Síðu-Halls, ok nokkura sex menn. Þá þagði hann stund nokkura. Síðan kallaði hann fimm menn af váru liði, ok váru þar Sigfússynir, bræðr þínir.<sup>5</sup> Þá kallaði hann aðra fimm menn,<sup>6</sup> ok var þar Lambi ok Móðólfr ok Glúmr. Þá kallaði hann þrjá menn.<sup>7</sup> Síðast kallaði hann Gunnar Lambason ok Kol Þorsteinsson.<sup>8</sup> Eptir þat gekk hann at mér; ek spurða hann tíðenda. Hann kvezk segja mundu tíðendin.<sup>9</sup> Ok spurða ek hann at nafni; hann nefndisk Járngrímr. Ek spurða, hvert hann skyldi fara; hann kvezk fara skyldu til alþingis. „Hvat skaltú þar gera?“ sagða ek. Hann svaraði: „Fyrst skal

að Flosi gangi út og sjái upp til gnúpsins. Aftur hafa Gullskinnu-eftrirritin ÁM 136, fol.; 137, fol.; 470, 4to o. fl. pappírshdrr. *austr til* og ÁM 134, fol. *í austráttina til*. Þetta mun vera svo að skilja, að á dögum söguritarans hafi bærinn að Lómagnúpi staðið undir núpnum, en verið síðan fluttur sökum vatnagangs og sands, sennilega á 14. eða 15. öld, þangað sem bærinn Núpsstaður er nú, og er þaðan austur að sjá til Lómagnúps (sbr. Árb. Fornl. 1909, 9 [Brynjólfur Jónsson]). Kirkja var að Lómagnúpi (elztur máldagi talinn frá 1343, Dipl. Isl. II, 777–8), og virðist sem hún sé einhverrar hjálpar þurfi á 14. öld (s. r. IV, 199); í Gíslamáldaga segir, að kirkjan sé á Núpsstað (s. r. XV, 702); enn er þar bænhúskofi uppi standandi.

<sup>1</sup> *grám* b. v. í Sv; — *geitheðinn*: feldur úr geitskinni.

<sup>2</sup> *frænda minn* b. v. í R, en vantar í öll önnur hdr. Þess er aftur getið síðar, í 145. kap., að Grímur væri frændi Flosa, en þá aðeins í X. Grímur þessi er aðeins kunnur af Njálu.

<sup>3</sup> Árni Kolsson er aðeins kunnur af Njálu. Um þessa tvo, Eyjólf og Ljót, sjá 145. kap.

<sup>4</sup> *við bregða* b. v. í RζSv.

<sup>5</sup> Sbr. 146. kap.

<sup>6</sup> Klausunni (*menn*) af — *menn* sl. í M, R (víst marklaust).

<sup>7</sup> Sá einn er munur á draumnum og atburðunum síðar í sögunni, að Glúmur er ekki í hópi þeirra fimm (með Lamba og Móðólfi), sjá 150. kap., heldur einn hinna þriggja, sbr. 151. kap. Óvíst má telja, hvernig á þessum mismun stendur.

<sup>8</sup> Sbr. 155. og 158. kap.

<sup>9</sup> *kvezk — mundu* Y: *lézk kunna at segja* X; setn. sl. í Gr.